


Samtvinuó rými (Spatial Alliance). Masters-verkefni í arkitektúr, Architectural Association, London 1998-2000. Freyr Frostason arkitekt, meðhöfundar: Emmanuel Bringer, David J. Gerber („Micro.Soft.Surf“). Leiðbeinendur: Brett Steele, Patrik Schumacher.



Ljósmynd/Arndís S. Árnadóttir

Stóll úr eik og bólstraður með svörtu leðri. Líklega smíðaður 1906-1909 fyrir Safnahúsið við Hverfisgötu hjá Jóni Halldórssyni & Co. og teiknaður af Fr. Klørboe. Eigandi: Þjóðminjasafn Íslands.



Manfréd Vilhjálmsson (f. 1928) og Dieter Roth (1930-1999) - Kollur fyrir Tónabæ, 1964, járn og plastbauja, eig. Manfréd Vilhjálmsson.

stæðið Sigurjón Ólafsson & Co við Skólavörðustíg í Reykjavík, sem nokkru síðar (1908) var kennt við einn stofnandann og nefnt Jón Halldórsson & Co. Innviðir og húsgögn fyrir Safnahúsið (1906-1909) voru eitt af fyrstu verkefnum þessa verkstæðis og er lestrarsalurinn þeirra þekktastur. „Möblerne som jeg har tegnet,“ fullyrta danski byggingarmeistarinn Frederik Klørboe í grein í *Architekten* árið 1910. Fullvíst er þó að þekking á að teikna húsgögn var fyrir hendi á verkstæðinu, til dæmis telst nám Jóns Halldórssonar (1871-1943), snikkara í Kaupmannahöfn og Berlín í byrjun aldarinnar, vera fyllilega sambærilegt við hönnunarnám á þeim tíma. Hann var jafnframt einn helsti forgöngumaður iðnsýninga hér á landi og á iðnsýningum í Reykjavík árin 1911, 1924 og 1932 voru húsgögn sérstaklega kynnt sem innlend framleiðsla.

Árið 1999 var lögð fyrir húsavarnunarnefnd ríkisins álitserð um varðveislugildi innréttinga Reykjavíkur Apóteks. Þar segir m.a.: „... lyfjabúðarinnréttingin [hefur] sérstakt listsögulegt gildi þar sem hún er eina heilsteypa innréttingin hér á landi með skýrum einkennum norrænnar klassíkur. Á það jafnt við um rýmismynd hennar, húsgögn og einstök útfærsluatriði. Til er fjöldi vinnuteikninga af hendi Sigurðar er vitna um þann óvenjulega metnað sem lagður var í úrlausn verkefnisins.“

#### Tengist íslenskri myndlistarsögu

„Innréttingin er einstök í íslenskri hönnunarsögu og að mínu mati ein af þeim þremur

merkustu frá fyrri hluta þessarar aldar – ásamt innviðum Safnahússins við Hverfisgötu og Landsbankans í Austurstræti. Auk hönnunarsögulegs gildis tengist innréttingin íslenskri myndlistarsögu vegna útskurðarverka Ásmundar Sveinssonar og höggmynda Alberts Thorvaldsen sem þar var ætlaður staður, en þær prýddu í upphafi gamla apótekið við Austurvöll. Þá er innréttingin merkur vitnisburður um íslenskt handverk síns tíma, en öll vinna við hana var unnin af íslenskum iðnaðarmönnum“ (úr álitserð til húsafríðunarnefndar ríkisins um varðveislugildi innréttingar Reykjavíkur Apóteks, 26. febrúar 1999).

Hönnuður barsins As.tr.o, Michael Young, er þekkur hönnuður sem býr og starfar í Reykjavík. Færni og fagmennska íslenskra iðnaðarmanna, sérstaklega í meðferð steypu og stáls, hafði áhrif á hugmyndavinnu hönnuðarins. Við hugmyndavinnu gætti einnig áhrifa íslenskrar náttúru og á hönnunin að gefa gestum staðarins tilfinningu fyrir nokkurs konar samblandi af inni- og útiveru, líkt og sundlaugargestum á íslenskum jarðhitasvæðum.

Samtvinuó rými (Spatial Alliance) er masters-verkefni í arkitektúr við Architectural Association í London unnið á tímabilinu 1998-2000. Freyr Frostason er arkitekt þess. Meðhöfundar: Emmanuel Bringer og David J. Gerber („Micro.Soft.Surf“). Leiðbeinendur: Brett Steele og Patrik Schumacher.

Þetta lokaverkefni var unnið í hóp ofantallinna höfunda fyrir M.Arch-gráðu við Architectural Association í Lundúnum 1998-2000. Höfuðáherslur vinnustofunnar eru að samtvinna rannsóknir og hönnun með því að koma

nýjum hugmyndum um hönnunarferli á framfæri. Ástæðan eru þær nýju forsendur sem myndast hafa vegna nýs umhverfis, hraðra breytinga og nýrrar tækni.

Vettvangur verkefnisins var óbyggt svæði milli King's Cross- og St. Pancras-lestarstöðvanna í miðborg Lundúna. Takmarkið var að skipuleggja viðskiptahverfi nýrra ört vaxandi tæknifyrirtækja sem vaxa út frá stærri tölvu- og fjarskiptafyrirtækjum. Áhersla var lögð á bein tengsl milli höfuðstöðvanna í úthverfum og smærri eininga fyrirtækjanna í miðborginni með góðu aðgengi að lestarkefni borgarinnar. Innra skipulag viðskiptakjarnans var sótt í gagnagrunn eftir ýtarlegt rannsóknarferli á uppbyggingu Microsoft UK (Bretland) og samvinnu þess við önnur fyrirtæki eins og British Telecom, NTL, Worldcom, o.fl. Þessi stóru fyrirtæki á sviðum tölvutækni, hugbúnaðar og fjarskipta mynda smærri einingar sem vilja vera miðsvæðis í Lundúnum og vinna saman á mismunandi hátt. Hönnun rýmis og skipulagi þess var svo stjórnað af mismiklum og mismunandi tengslum þessara samstarfsfyrirtækja. Allt verkefnið var unnið í tölvu þar sem ýmis tölfræðiforrit voru notuð til að mynda gagnagrunn sem mótaði svo alla hönnunina.

Höfundur er kennari í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

RÚNAR  
KRISTJÁNSSON

## EINAR BENEDIKTS- SON DEYR

Er dagurinn mikli sín dómsorð  
kallar  
í dísarhöll hljóma bumbur allar  
og gamalt lag upp við Grettis-  
bæli  
grípur sál sem við Tempsárós!  
Þá slær um Ásbyrgi og Elivoga  
og yfir hnattasund björtum  
loga,  
því undir stjörnum er eilíft hæli  
er eldar kvikna við norðurljós!

En tengdir hafis og Hjóða-  
klettum  
og haugaeldum og Fróðár-  
glettum,  
frá Skútahrauni í skýjaferðum  
skáldmenn Íslands á flugi sjást!  
Við drunur þungar frá Detti-  
fossi,  
í dánarstefi og móðurkossi,  
er frelsið heiðrað með heilum  
gerðum  
og helgað brennandi sonarást!

Í þokusól gegnum þrúguhöfða  
enn þrumar væringinn stefið  
göfða,  
í skugga hverfur þá skriflabúðin  
er skamman tíma við hjarkir  
stóð!

En sálin mikla að lausnarlandi  
sitt loftfar tekur á Stórasandi.  
Í draumi ljóshirðar siglir súðin  
til suðurhafs undir röðulglóð!

Höfundurinn býr á Skagaströnd.  
Undirtitill ljóðsins er:  
Herðisarvík 12. jan. 1940.

STEINUNN  
FINNBOGADÓTTIR

## LINDIN BLÁ

Dimmblátt af dropum og  
tárum  
er djúp hinnar hljóðu lindar.  
Ung – en þó aldin að árum  
andlit fegurstu myndar.

Hún brosir um hjartar nætur  
við blikandi stjörnu her,  
og gefur öllu gætur  
sem gott og fagurt er.

Hún hefur svo oft heyrð óminn  
og eignast þeirra mynd,  
sem unna og elska hljóminn  
er aðrir kalla synd.

Hún myndir og minningar  
geymir  
meitlað í gullinn stein.  
Í hylðýpi hana dreymir  
um harma og gróin mein.

Finni hún tærin falla  
í faðm sinn, hin tæra lind.  
Órsmáar öldur kalla  
upplifðu fagra mynd.

Höfundur er ljósmóðir og fyrrverandi  
borgarfulltrúi.